

4. nóv 1984

LÖG SAMTAKA UM KVENNALISTA

1. gr. Heiti samtakanna er Samtök um Kvennalista. Hér eftir nefnd Kvennalistinn. Lögheimili og varnarþing er í Reykjavík.
2. gr. Markmið Kvennalistans er að:
  - a) auka áhrif kvenna í samfélaginu,
  - b) vekja umræðu um stöðu kvenna,
  - c) beita sér fyrir bættum kjörum kvenna,
  - d) stuðla að því að viskuförði og reynsla kvenna verði nýtt í þágu betra þjóðfélags,
  - e) stefna að því að konur, karlar og börn njóta sambærilegra réttinda, þar sem menning beggja kynja fær að njóta sín og kynferði hindrar engan í að sinna þeim störfum, sem hugur stendur til,
  - f) vinna með þeim konum sem gegna störfum fyrir Kvennalistann og styðja þær.
3. gr. Markmiðum þessum hyggst Kvennalistinn ná m.a. með því að fjölga öngum og bjóða fram til Alþingis.
4. gr. Kvennalistinn er opinn öllum sem styðja markmið hans, enda greiði þeir félagsgjöld. Allir fundir eru félögum opnir.
5. gr. Innan Kvennalistans starfa angar. Lögheimili og varnarþing þeirra eru kjördæmin. Séu fleiri en eitt lögsagnarumdæmi innan hvers kjördæmis ákveði hver angi heimili og varnarþing. Í stórum kjördæmum getur angi starfað í minni einingum. Innan Landssamtakanna koma þessar einingar fram sem einn angi.
6. gr. Landssamtök Kvennalistans skulu hafa framkvæmdarráð, sem skipað er konum úr öllum öngum.
7. gr. Innan Kvennalistans skal starfa þingráð.
8. gr. Endanleg ákvörðun í málefnum Kvennalistans er í höndum landsfundar. Á milli landsfunda skal hún vera í höndum félagsfunda anganna og þeirra á milli í höndum framkvæmdarráðs og þingráðs.

9. gr. Framkvæmdanefnd skal starfa innan hvers anga.
10. gr. Félagsfundur hvers anga kjósi tvær konur í landsfundarnefnd eigi síðar en þrem mánuðum fyrir landsfund. Landsfundarnefnd skal undirbúa og ákveða dagskrá landsfundar í samráði við framkvæmdaráð Kvinnalistsans.
11. gr. Landsfund skal halda fyrir 15. nóvember á hvert. Einnig skal halda landsfund sé þess óskað af 1/3 hluta félaga.
12. gr. Landsfund skal boða bréflega með minnst tveggja vikna fyrirvara.
13. gr. Reiknisár skal vera frá 1. október til 30. september. Endurskoðaðir reikningar Kvinnalistsans skulu lagðir fram á landsfundi, einnig fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og árgjald ákveðið í samræmi við hana.
14. gr. Landsfundur skal kjósa tvo endurskoðendur reikninga Landssamtakanna, sem starfa fram að næsta landsfundi.
15. gr. Í atkvæðagreiðslu á landsfundi ræður einfaldur meirihluti fundarmanna.
16. gr. Til þess að breyta lögum þessum þarf 2/3 hlut atkvæða á landsfundi.
17. gr. Lög þessi skulu endurskoðuð að ári.

Lög þessi öðlast gildi á Landsfundi Kvinnalistsans  
4. nóvember 1984